



Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra 2008

Sigurjón Þórðarson
Sauðárkróki
apríl 2009

Starfsskýrsla HNV 2008

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra er starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi frá og með Siglufirði í Fjallabyggð í austri og vestur til Bæjarhrepps á Ströndum. Verkefni heilbrigðiseftirlitsins snúa að fjölmörgum þáttum undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir þættir sem lúta yfirstjórn umhverfisráðuneytisins eru einkum á sviði; umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn matvælaþáttarins. Tvær ríkisstofnanir sjá um samræmingu og yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins og er það annars vegar Umhverfisstofnun (UST) sem heyrir undir umhverfisráðherra og hins vegar Matvælastofnun sem heyrir undir Sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt ágæta samvinnu við framangreindar stofnanir. Það er engu að síður þörf á að endurskoða verkaskiptingu stofnananna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Hefðbundin verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum sem felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti sem eru í föstum skorðum, koma inn á borð heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni.

Það fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í umsagnir um teikningar af fyrirhuguðum breytingum á stofnunum og fyrirtækjum. Sömuleiðis er útgáfa á leyfum og skýrslugerð til ríkisstofnana tímafrek og ýmislegt utanumhald um pappíra og gögn í samræmi við góða stjórnsýslu

Skynsamlegt er t.d. að fara ofan í saumana á hagkvæmni þess að heilbrigðiseftirlitin (HES) tækju að sér matvælaeftirlit í fiskvinnslum en það myndi án efa einfalda opinbert eftirlit og leiða til sparnaðar fyrir fyrirtækin. Núna heyrir opinbera eftirlitið í fiskvinnslunum beint undir Matvælastofnun sem er á Selfossi.

Aukin verkefni HES undir faglegrri forskrift Matvælastofnunar myndi leiða til einfaldara og ódýrara kerfis þar sem eftirlit með mengandi þáttum og vatnsbólum fiskvinnsla er nú þegar í höndum HES.

Það er að sama skapi þörf á að skýra verkaskiptingu á milli heilbrigðisnefnda og UST og er það alls ekki vegna þess að UST og HES hafi verið að togast á um verkefni. Það hefur einmitt verið ákaflega gott samkomulag um tilhögun og tilfærslu eftirlitsverkefna síðustu árin á milli UST og HES. Daglegt eftirlit með sorpförgun og fiskimjölsverksmiðju hafa t.d. verið færð með samningum til HES enda skynsamlegt að það eftirlit sé staðsett nálægt viðkomandi starfsemi en ekki í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. Óskýr verkaskipting getur valdið því að þeir sem þurfa að lúta reglum eða að þeir sem eru ósáttir efnislega við ákvarðanir geta gert margvíslega fyrirvara um að formlega rétt hafi verið staðið að málum.

Á árinu 2008 kom upp ágreiningur um útgáfu starfsleyfis fyrir jarðgerð og gámostöð á Norðurlandi vestra. Sambærileg starfsemi hefur annars staðar á landinu fengið starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar en það má ætla að nærtækara sé að sinna kvörtunum vegna lyktar og ónæðis hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti en Umhverfisstofnun sem er í 400 km fjarlægð frá viðkomandi jarðgerð. Þegar rýnt er í lög og reglugerðir er alls ekki sjálfgefið að viðkomandi starfsemi sé á forræði heilbrigðisnefndar og flokkist þá sem gámostöð og

endurvinnsla úrgangs þar sem tekið er sömuleiðis fram að flokkunarmiðstöðvar sorps sveitarfélaga heyri beint undir UST.

Með aukinni og fjölbreyttari ferðapjónustu hefur sprottið upp ný tegund ferðapjóna sem bjóða ögrandi afþreyingu, m.a. upp á flúðasiglingar, byssuleiki með litakúlur og klifur svo eitthvað sé nefnt. Það er ekkert virkt eftirlit með öryggisþáttum framangreindrar starfsemi og er lítið samræmi í því, ef lítið er til þess að heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með ýmsum öryggisráðstöfunum margvíslegrar starfsemi, s.s. á leikskólum og sundstöðum samkvæmt reglugerð 941/2002, sbr. 9 gr. og 11. gr.

Í fylgiskjali 1 með reglugerðinni er fyrrgreind ögrandi afþreyingastarfsemi ekki talin upp, en í fylgiskjalinu kemur fram að listi yfir starfsleyfisskyld fyrirtæki sem reglugerðin nær til sé ekki tæmandi og tekið er sérstaklega fram að sambærileg starfsemi sé starfsleyfisskyld ef Umhverfisstofnun metur svo. Það ríkir ákveðin óvissa um hvort eitthvað af starfseminni geti fallið undir að vera íþróttavellir, s.s. klifurveggir.

Ár sveppsins

Á árinu 2008 fór fram mikil umræða í samfélaginu um myglusveppi og áhrif þeirra á heilsufar almennings. Skaðleg áhrif myglusveppa á heilsufar fólks eru margvísleg og einstaklingsbundin. Það fer bæði eftir hvaða tegundir sveppa um er að ræða og sömuleiðis er mjög mismundandi hvernig fólk bregst við. Almennt má þó segja að áhrifin líkist margvíslegum umgangspæstum, s.s. slappleiki, höfuðverkur, magaverkur og óþægindi í húð. Þess vegna er mjög erfitt að greina á milli hvort myglusveppur sé orsök vanlíðanar fólks eða hvort sveppurinn sé liður í því að fólki sem glímur við ofnæmi líður enn verr en ella.



Myglusveppur

Forsenda þess að myglusveppir þrífist og verði plága er að húsnæðið sé rakt og þeir hafi úr einhverju lífrænu efni að móða. Til þess að koma í veg fyrir raka skiptir því öllu að halda húsnæði þurru með góðri loftræsing. Ef upp kemur leki skiptir afar miklu máli að lekinn sé þurrkaður upp sem fyrst þar sem það tekur ekki nema einn til tvo sólarhringa fyrir myglusvepp að fjölga sér mjög við hagstæð skilyrði.

Í skoðunarferðum heilbrigðiseftirlitsins varð helst vart við myglusveppi í þvotta-húsum og baðherbergjum, þar sem vatn

rennur og raki er til staðar. Einnig varð vart við raka þar sem einangrun var léleg eða hafði gefið sig og vatn þéttist á útveggjum sem skapar forsendu fyrir vöxt myglugróðurs eins og áður segir.

Þegar fólk leitar til heilbrigðiseftirlitsins og óskar eftir staðfestingu á að einhver slappleiki sé af völdum myglusveppa er oft úr vöndu að ráða fyrir heilbrigðisfulltrúa þar sem um margvíslegar gerðir sveppa er að ræða. Læknar fullyrða sjaldnast að þeir sem leita til þeirra þjáist af völdum myglusveppa þó svo að þeir útiloki það ekki.

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað nokkurn fjölda íbúða og veitt ráðgjöf um hvernig losna megi við myglu úr húsnæði. Heilbrigðisfulltrúar sóttu námskeið í Reykjavík hjá yfirlækni atvinnu- og umhverfissjúkdómadeildar háskólasjúkrahúsins í Örebro í Svíþjóð, Kjell Andersson.

Boðskapur námskeiðsins var að koma í veg fyrir raka í húsnæði, tryggja eðlileg þrif og gera minna af því að greina sveppategundir og taka sýni til rannsókna.

Fleiri þættir snerta þennan málaflokk en læknis- og líffræðilegir þar sem sýnt hefur verið fram á að félagslegir þættir skipta afar miklu máli. Í Svíþjóð leiddu rannsóknir í ljós að íbúar leigu- húsnæðis töldu að ýmsa kvilla mætti rekja til ástands húsnæðis og þeim leið almennt verr en íbúum sem bjuggu í eigin húsnæði. Var þessi þáttur afgerandi og óháður gerð og staðsetningu húsnæðisins og náði bæði til kvartana um almenna vanlíðan og líkamlegra kvilla.

Reynslan hér á Norðurlandi vestra kemur heim og saman við sænsku rannsóknirnar þar sem megnið af þeim íbúðum sem Heilbrigðiseftirlitinu bárust umkvartanir um og voru skoðaðar á á Norðurlandi vestra, voru leigubúðir.

Verkefni og fundir

Heilbrigðisfulltrúar héldu fjölda fræðsluerinda á vinnustöðum eins og verið hefur á umliðnum árum, m.a. í matvælafyrirtækjum og sundlaugum, þar sem umfjöllunarefnið var m.a. öryggi matvæla, sóttþreinsun og öryggismál. Fræðsla starfsfólks er mjög mikilvægur þáttur í að



Mynd 1 Loftræsikerfi Fjölbrautaskóla NV

tryggja gæði og öryggi neytenda. Um leið og það verður aukinn skilningur á ýmsum kröfum, s.s. því að íblöndun klórs í sundlaugarvatn kemur í veg fyrir blöðrubólgu, eyrnabólgu og lungna- bólguþrátt, er án undantekninga auðveldara að framfylgja reglugerðum.

Í júní fór Steinunn Hjartardóttir á fund norræna efnavörðhópsins (Nordisk kjemikalietilsyns möte) sem að þessu sinni var haldinn í Reykjavík. Þar flutti hún fyrirlestur um vörur sem markaðssettar eru fyrir börn og seldar í leikfangabúðum, en geta verið hættu-

legar. Tók hún fyrir tilraunasett, snyrtivörusett og sett til að búa til sælgæti. Ljóst er að merkingu þessara vara var mjög ábótavant, en ekkert þessara leikfanga innihélt bannaða líti eða efni.

Sigríður Hjaltadóttir er í samvinnuhópi Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna um hollustuhætti og öryggismál. Verkefni síðasta árs voru úttekt á loftræsikerfum í samvinnu við Lagnafélag Íslands. Á Norðurlandi vestra voru skoðuð loftræsikerfi heilbrigðisstofnanna og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Gott eftirlit, regluleg síuskipti og nákvæm skráning minnkar áhættu og þörf á hreinsun.

Annað verkefni var heilbrigðiseftirlit á sund- og baðstöðum þar sem lögð var áhersla á heilnæmi vatns og öryggismál. Verið er að vinna niðurstöður könnunarinnar og verður skýrsla væntanlega gefin út í vor. Sigríður sá um undirbúning á næsta verkefni hópsins, sem er könnun á heilbrigðiseftirliti í íþróttahúsum, með áherslu á góð þrif og gott innra eftirlit til varnar smiti og til að minnka slyshættu.



Í maí hélt Sigurjón Þórðarson erindi um heimavinnslu matvæla á fræðslufundi Félags umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa. Þetta er áhugavert efni sem snertir mjög heilbrigðiseftirlit og ekki hvað síst á Norðurlandi vestra. Ber helst að nefna:

1. Bakstur kvenfélaga og fleiri félagasamtaka.
2. Morgunverður á ferðaþjónustubæjum.
3. Heimaslátrun og frumvinnsla á kjöti.
4. Kleinugerð.
5. Þjóðþekkt fjöruhlaðborð í Húnaþingi vestra með ýmsu góðgæti, s.s. selkjöt, saltað, reykt og nýtt, taðreyktan silung o.fl. o.fl.

Það má vel halda því fram að öll þessi starfsemi stangist að einhverju leyti á við gildandi reglur og því er úr nokkuð vöndu að ráða fyrir heilbrigðiseftirlitið.

Margvíslegir fletir sem snerta breytingar á regluverkinu, sem til stendur að gera, í tengslum við endurskoðun á matvælalöggjöfinni, s.s.:

- A) Jafnræði og samkeppni matvælaframleiðenda. Á bakarinn sem hefur yfir sér kröfur um ítarlegt innra eftirlitskerfi, að sæta því að fjölskyldan í næsta húsi taki kúfinn af fermingarvertíðinni og bjóði fermingarartertur á hálfvirði?
- B) Matvælaöryggi. Það er sá þáttur sem er í verkahring heilbrigðisfulltrúa og Matvælastofnunar að hafa auga með og fylgja fast eftir.
- C) Dýravernd. Tryggja verður að dýrum sé ekki slátrað með grimmúðlegum hætti.
- D) Ónæði nágranna, s.s. vegna vaxandi umsvifa eða lykta.

Það eru ýmsar leiðir til þess að auka sveigjanleika reglna og draga um leið úr áhættu, s.s.: Takmarka dreifingu heimaunninna matavæla, þ.e. að eingöngu verði um milliliðalaus viðskipti við neytendur að ræða. Vara fari aldrei í dreifingu í verslunum eða veitingahúsum en við það minnkar áhættan af því að það yrði stórskaði þó að eitthvað færi úrskeiðis við framleiðsluna.

Setja almennan ramma utan um hverja starfsemi fyrir sig, s.s. kleinugerð o.fl., með skilyrðum um leyfi til að taka út starfsemi en að öðrum kosti falli starfsleyfi úr gildi.

Gefa heilbrigðisnefndum ákveðinn sveigjanleika til undanþágu sem einhver gæti kallað geðþóttaleyfisveitingu sem varla getur talist góð stjórnslátt út frá nútímakröfum.

Umhverfismál

Nú standa yfir ákveðnir umbrotatímar í umhverfismálum sem snerta mjög sveitarfélögin og heilbrigðiseftirlitin, sem hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð um stöðu mála. Það má rekja drjúgan hluta af breyttum áherslum til regluverks Evrópusambandsins og almennri viðhorfsbreytingu til umhverfismála.

Staða fráveitumála inn til landsins er að færast í viðunandi horf þó svo að eftir sé að binda lausa enda hvað varðar losun seyru úr rotþróum. Fráveitumál byggðakjarna og bæja við ströndina eru víða ófrágengin og má það að einhverju leyti rekja til þess að reglur eru óskýrar um

hvernig skuli standa að málum. Nauðsynlegt er að greiða þar úr og veita minni sveitarfélögum markvissa ráðgjöf um hvaða lausnir eru hentugar.

Á Norðurlandi vestra eru fjórir urðunarstaðir sem ekki uppfylla allar þær kröfur sem fram koma í reglugerð 738/2003, s.s. um gassöfnun og söfnun sigvatns. Sveitarstjórnir hafa sótt um frest á lokun urðunarstaða sem Umhverfisstofnun boðaði þann 16. júlí 2009 á þeim forsendum að verið er að undirbúa að taka í notkun nýjan urðunarstað í landi Sölvabakka í Austur-Húnavatnssýslu. Með aukinni flokkun hefur umfang sorps minnkað um allt að 30% og með jarðgerð fer nánast enginn lífrænn úrgangur frá sláturhúsi KS, sem áður þurfti að láta urða umtalsvert magn af úrgangi. Kreppan sem skall á síðla árs kom fram í minnkuðu magni úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum.

Eitt mesta vandræðabarn í úrgangi er förgun riðusmitaðs fjár. Riðan hefur því miður haldið áfram að stinga sér niður á Norðurlandi vestra og væri æskilegt ef sveitarfélögin kæmu sér saman um fyrirframmótaða stefnu um hvar og hvernig skuli standa að urðun fjárins.

Fjöldi gjaldskyldra fyrirtækja 2008 eftir atvinnustarfsemi

Vatnsveitur	110
Framleiðsla og pökkun	12
Flutningsaðilar	4
Stóreldhús	64
Smásalar	31
Gististaðir	67
Hársnyrtistofur	15
Aðrar snyrtistofur	7
Íþróttahús og sundstaðir	15
Tannlæknastofur	6
Skólar	13
Leikskólar	11
Loðdýrabú	8
Vinnsla á fiski	21
Trésmíðaverkstæði	9
Verkstæði, bílar, vélar	29
Bensínstöðvar	16
Annað	117
Fyrirtæki alls:	555

Matvælaeftirlit

Einn þáttur eftirlits hefur aukist til mikilla muna á umliðnum árum en það er eftirlit með vatnsveitum. Heilbrigðiseftirlitið hefur reglubundið eftirlit með liðlega 130 vatnsveitum og á árinu 2008 var tekinn fjöldi neysluvatnssýna sem send voru til rannsóknar þar sem margvíslegir mismunandi þættir voru greindir, s.s. gerla- og efnainnihald. Það tekur drjúgan tíma að taka sýnin enda vatnsveiturnar dreifðar um Norðurland vestra. Sömuleiðis er kostnaður talsverður við að rannsaka sýnin en greinilegt er að kröfur um opinbert eftirlit með matvælum og neysluvatni hefur aukist, m.a. með samræmi við samevrópskar kröfur á þessu sviði.



Staðarskáli

Rannsóknarniðurstöður sýna fyrir árið 2008

	Alls:	Í lagi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	75	63	12
Baðvatn	20	13	7
Mjólk og mjólkurvörur			
Matvara	10	1	9
Ís úr vél	2	2	0

Heilbrigðisnefnd

Í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir, sbr. 11. gr. „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin **eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.**“ Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnunum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Í upphafi árs 2008 voru því eftirtaldir aðalmenn í heilbrigðisnefnd:

Ágúst Þór Bragason Blönduósi, formaður,
Íris Baldvinsdóttir Skagafirði, varaformaður,
Sigríður Björnsdóttir, Skagafirði,
Þórarinn Hannesson, Siglufirði,
Ína Björk Ársælsdóttir, Hvammstanga, meðstjórnandi,
Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Þær breytingar urðu á nefndinni á árinu 2008 að Íris Baldvinsdóttir óskaði eftir lausn frá setu í nefndinni og tók sæti hennar Elínborg Hilmarsdóttir og var Elínborg kjörin varaformaður. Á árinu fór Ína Björk Ársælsdóttir í leyfi og tók Skúli Þórðarson sveitarstjóri sæti hennar í nefndinni.

Árið 2008 voru haldnir sex stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 53 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Fjármál eftirlitsins

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra nær frá Bæjarhreppi til Siglufjarðar að báðum stöðum meðtöldum eins og fyrr greinir. Íbúafjöldi á starfssvæðinu 1. desember 2007 var 8819 en 1. desember 2008 var fjöldi íbúa 8734 og því hefur fækkað um 85 frá 1. desember 2007.

Fjöldi fyrirtækja á Norðurlandi vestra

	2000	2005	2006	2007	2008
Bæjarhreppur	5	8	13	12	12
Húnavatnshreppur		38	49	47	49
Húnaþing vestra	73	96	98	100	100
Blönduós	45	52	55	54	55
Skagabyggð		3	8	8	8
Höfðahreppur	27	30	33	32	30
Sveitarfélagið Skagafjörður	191	262	244	234	234
Akrahreppur	4	12	16	14	13
Siglufjörður	63	60	60	57	54
Alls:	408	561	576	558	555

Við gerð reikninga fyrir árið 2008 kom í ljós að tap varð af rekstri heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2008 að fjárhæð 2.052 þús. kr. Tapið skýrist fyrst og fremst af gríðarlegri lækkun á gengi íslensku krónunnar en rekstrarleiga á bifreiðum hækkaði mjög og sömuleiðis eldsneyti. Húsaleigan hækkaði en hún er vísitölutryggð. Sértekjur lækkuðu vegna færri sérverkefna og eftirlitgjöld lækkuðu þrátt fyrir hækkun gjaldskrár vegna fækkunar stórra fyrirtækja.

Stjórn heilbrigðiseftirlitsins hefur eftir fremsta megni leitast við að rétta fjárhaginn af með breytingu á gjaldskrá og kaupum á ódýrum sparneytnum Hyundai Getz bíl. Líkur eru á því að húsnaðiskostnaður lækki á næsta rekstrarári, þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur áætlun um að minnka skrifstofu- og geymsluhúsnaði að Sæmundargötu 1 á Sauðárkróki. Almennum aðhaldsaðgerðum hefur verið beitt í rekstri þar sem dregið hefur verið úr prent-, fundar- og ferðakostnaði.

Það má sjá í bókhaldi heilbrigðiseftirlitsins að framangreindar aðgerðir hafa haft jákvæð áhrif.

apríl 2009
Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri